



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2026
USK26030099

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 25. mars 2026 um eftirfarandi mál:

Suðurlandsbraut 30-34 og Ármúli 29-31 (Orkureitur) - Breyting á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar 30-34 og Ármúla 29-31 (Orkureitur). Í breytingunni sem lögð er til felst að skipulagsmörk eru færð og samræmd nýju deiliskipulagi Suðurlandsbrautar. Jafnframt er framsetning bílastæða samræmd þannig að nákvæm útfærsla þeirra verði ekki sýnd á deiliskipulagsuppráttum heldur ákveðin á síðari stigum. Að öðru leyti haldast gildandi skilmálar óbreyttir, samkvæmt uppd. VSB verkfræðistofu, dags. 25. febrúar 2026.

Samþykkt með 4 atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Sósíalístaflokks Íslands og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúi Viðreisnar situr hjá við afgreiðslu málsins. Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggst gegn fyrirliggjandi tillögum um breytingar á deiliskipulagi við Suðurlandsbraut og Sigtúnsreit. Þótt breytingarnar séu settar fram sem tæknileg aðlögun að Borgarlínu liggur fyrir að þær fela í sér verulega skerðingu á bílastæðum á svæðinu. Með því að taka bílastæði út úr uppráttum og færa ákvarðanir um fjölda þeirra á síðari stig er verið að draga úr gagnsæi og veikja forsendur fyrir raunhæfu mati á áhrifum skipulagsins. Ljóst er að niðurstaðan verður færri bílastæði, án þess að það sé sett fram með skýrum hætti. Sú þróun sé ekki í samræmi við þarfir atvinnulífs á svæðinu. Fyrirséð er að veruleg fækkun bílastæða muni hafa neikvæð áhrif á aðgengi, rekstrarskilyrði fyrirtækja og daglegt líf fólks. Nauðsynlegt er að slík áhrif séu metin með opnum og gagnsæjum hætti áður en breytingar eru samþykktar.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Framsóknarflokksins:

Framsókn telur alvarlegt að ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda rekstraraðila við Suðurlandsbraut. Suðurlandsbraut gegnir því lykilhlutverki í dag að dreifa umferð inn í Laugardal og tengja umferð sem er á leið í og úr miðbænum og mun þessi breyting koma til með valda aukinni töf á umferð sem mun hafa ruðningsáhrif á samgöngukerfið í heild með neikvæðri þróun. Framsókn hefur bent á leiðir til að útfæra deiliskipulagstillöguna með hliðsjón af ólíkum hagsmunum. Óþarfi er að ráðast í þessar framkvæmdir í svo mikilli andstöðu við borgarbúa. Framkvæmdirnar munu hafa gríðarleg áhrif á fyrirtæki, þúsundir starfsmanna og



viðskiptavina sem þangað fara á hverjum degi. Framsókn styður forgangsakreinar fyrir almenningssamgöngur en telur að útfæra verði Borgarlínuframkvæmdir í meiri sátt.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnáslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: Uppdráttur VSB verkfræðistofu, dags. 25. febrúar 2026.

Deiliskipulag Suðurlandsbrautar 30, 32 og 34 og Ármúla 29 og 31

Breyting á deiliskipulagi

Greinargerð

Í gildi er deiliskipulag Suðurlandsbrautar 30, 32 og 34, Ármúla 29 og 31, samþykkt 25. júlí 2000, með síðari breytingum.


Markmið breytingarinnar er að samræma skipulagsmörk gildandi deiliskipulags við nýtt deiliskipulag Borgarlínu, 1. lotu – Suðurlandsbraut, og tryggja skýra og samræmda framsetningu skipulagsgagna meðfram Suðurlandsbraut.

Breytingin felst í því að skipulagsmörk meðfram Suðurlandsbraut, Dalsmúla og Grensásveg eru færð að mörkum hinnar nýju deiliskipulagsáætlunar. Jafnframt eru skipulagsmörk til norðvesturs færð að lóðarmörkum milli Suðurlandsbrautar 28 og 30 til að leiðrétta skörun við aðliggjandi deiliskipulag fyrir Suðurlandsbraut 18–28 og Ármúla 15–27.

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir nýrri götu, Dalsmúla. Gatnamót hennar við Suðurlandsbraut eru nú færð undir hina nýju deiliskipulagsáætlun, til samræmis við fyrirkomulag annarra hornréttra gatna við Suðurlandsbraut. Jafnframt eru aðkomur frá þessum gatnamótum að lóðum skilgreindar og samræmdar hinni nýju deiliskipulagsáætlun.


Jafnframt er framsetning bílastæða samræmd þannig að útfærsla og staðsetning bílastæða við Suðurlandsbraut verða ekki sýnd á deiliskipulagsuppdraetti. Gildandi deiliskipulagsskilmálar haldast óbreyttir og kveða á um fjölda bílastæða í hlutfalli við byggingarmagn á hverri lóð. Nánari útfærsla bílastæða verður ákveðin á verkhönnunarstigi, við hönnun og frágang lóða, í samræmi við þá skilmála.

Að öðru leyti haldast gildandi skilmálar óbreyttir.




Gildandi deiliskipulag - með síðari breytingum

1:2000 mkv.







Breyting á deiliskipulagi

1:2000 mkv.



Hluti úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Skýringar

-  Skipulagsmörk - núverandi
-  Skipulagsmörk - ný
-  Skipulagsmörk - breyting
-  Aðkoma - leiðbeinandi staðsetning

Skýringarmynd – Breyting á deiliskipulagi ásamt deiliskipulags áætlun Borgarlínu, 1. lotu – Suðurlandsbraut.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

_____ þann _____ 20__

og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Deiliskipulag Suðurlandsbrautar 30, 32 og 34 og Ármúla 29 og 31

Breyting á deiliskipulagi

MKV: 1:2000

ÚTGÁFA DAGS: 25. febrúar 2026

BLADSTÆRÐ: A2

TEIKNAD AF: HIRG